

# Umhverfismat



## Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað hnattrænt réttlæti í upphafi nýs Grænfánatímabils. Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu skal merkja við þann lit sem við á.

### Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

### Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



### Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu



Nú þegar gert í skólastarfinu

# Hnattrænt réttlæti






## Hugur þekking



Hafið þið lært um löndin sem nemendur skólans koma frá? 			
Hafið þið lært eitthvað um fleiri lönd? 			
Vitið þið hvaðan maturinn ykkar kemur t.d. grænmetið og ávextirnir? 			
Vitið þið hvaðan fötin ykkar koma og leikföngin ykkar? 			
Hafið þið heyrt sögur um börn, dýr eða annað frá fjarlægum löndum? 			



<p>Þekkið þið þetta merki?</p>  			
<p>Hafið þið lært um heimsmarkmiðin?</p> 			

Hvað af þessu skiptir mestu máli í lífinu?



**Skólinn**



**Heilsa**



**Matur og drykkur**



**Að eiga mikið af  
dóti**



**Fjölskyldan mín**



**Að eiga  
spjaldtölvu**



**Heimilið mitt**



**Vinir mínir**



**Að fara oft til  
útlanda**


Eitthvað fleira?



## Hjarta skólinn og samfélagið






**Frá hvaða löndum eru krakkarnir í skólanum ykkar?  
Vitið þið hvar í heiminum þessi lönd eru?**

 <p>Hafa allir krakkar í heiminum allt sem þau þurfa svo þau geti lifað góðu lífi?</p>			
---	--	--	--



## Hendur aðgerðir



Takið þið þátt í verkefni eins og Sólblómaverkefni SOS eða öðru, þar sem þið kynnist börnum annars staðar í heiminum? 			
Hvað getið þið gert til þess að hjálpa þessum krökkum? 			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við hnattrænt réttlæti? 			

Hvað getur skólinn gert til að læra meira um hnattrænt réttlæti?